

Fundargerð 5.Fundur

Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Fimmtudagur 29. júní 2023

Fundartími: kl:19:30

Fundarritari: Agnes Björg Birgisdóttir

Fundarmenn:

Sigrún Hrefna Arnardóttir, Rúnar Magnússon, Sigurður Ingi Sigurðsson, Harpa Magnúsdóttir, Agnes Björg Birgisdóttir.

1. Fjör í Flóa uppgjör á hátíð

Dagskráin yfir daginn gekk mjög vel í alla staði, sem og kvöldgangan. Það seldist töluvert á sölubásunum og spákonan var uppbókuð nánast allan daginn. Það var frekar fámennnt á kvöldvökunni, rætt um hvort ætti að breyta uppsetningu á því kvöldi. Opnu húsin gengu mjög vel, mikil aðsókn. Heildarupphæðin er í samræmi við síðustu ár.

2. Tónahátíð / næstu viðburðir

Skipulagt var að halda Kornskurðarball 29. september. Hugmynd kom um að halda ballið í samstarfi við Ungmennafélagið. Sent verður erindi á Ungmennafélagið varðandi það samstarf sem og ungmennaráðið. Haft var samband við hljómsveitir til að spila á ballinu. Stefnt er að því að halda jólatónleika 7. desember í Félagslundu.

3. Hvatastyrkur erindi frá Stefáni Geirssyni.

Menningarnefnd leggur samhljóða til að hvatastyrkir verði veittir vegna tónlistarnáms.

4. Íþróttá og æskulýðsmál

Ungmennahúsin gengu framar öllum vonum þetta vorið. Lagt er til að það haldi áfram næsta haust og haldin verði enn fleiri ungmennahús.

5. Önnur mál.

Þar sem sótt var um menningarstyrkinn leggur menningarnefnd til að styrkurinn sé veittur þeim sem sóttu um, uppfylli þeir öll skilyrði. Ef umsóknin uppfyllir ekki öll skilyrði þá var gerð tillaga að helmingur styrksins fari í kortið af Flóahrepp og hinn helmingurinn fer til menningarnefndar til nýtingar í menningarviðburði.

Fundi slitið: 21:50